

GJALDSKRÁ

vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 474.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mótuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómstundarheimilum grunnskólanna kr. 150 fyrir síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mótuneytis nemenda Garðaskóla. Fyrirtækið annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 18. ágúst 2016 og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 18. ágúst 2016

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*